

Sp. 61. Tillaga til þingsályktunar [61. mál]

um tafarlausan brottflutning Bandaríkjahers af Íslandi vegna styrjaldarhættu.

Flm.: Alfreð Gíslason læknir, Einar Ólgeirsson.

Með sérstöku tilliti til þess iskyggilega ástands, sem skapast hefur í heims-málum, síðan Bandaríkin hófu hernaðaraðgerðir á Karibahafi, og með tilliti til þess, að þær aðgerðir geta, áður en varir, leitt til þess, að Bandaríkin lendi í stór-veldastyrjöld, telur Alþingi hersetu Bandaríkjamanna á Íslandi orðna svo hættu-lega lífsöryggi Íslenzku þjóðarinnar og tilveru allri, að þegar í stað verði að grípa til þeirra gagnráðstafana, sem helzt duga.

Alþingi ályktar því að fela ríkisstjórninni að gera tafarlaust eftirfarandi ráð-stafanir:

1. Að tilkynna ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku, að Alþingi Íslendinga krefjist þess, að allur herafli Bandaríkjanna á Íslandi verði tafarlaust fluttur burt.

2. Að lýsa síðan yfir því gagnvart öðrum löndum, að Ísland muni ekki veita neinum styrjaldaraðila aðstöðu í landinu og því sé heitið á öll ríki að virða hlut-leysi þess og friðhelgi.

Greinargerð.

Mannkynið hefur undanfarna daga staðið á barmi stórstyrjaldar og stendur enn. Bandaríki Norður-Ameríku yrðu annar aðili slíkrar styrjaldar. Dvöl bandarísks hers á Íslandi veldur því, að stórkostleg hættu væri á, að Ísland yrði strax á fyrstu klukkustundum stríðsins styrjaldarvettvangur með þeim ægilegu afleiðingum, er það hefði fyrir þjóð vora. Það er því spurning um líf eða dauða þorra Íslendinga að reyna að bjarga þjóðinni frá slíkri styrjaldarhættu, áður en stríðið sjálft brytist út. Eini hugsanlegi möguleikinn er að losa landið tafarlaust við bandaríska herinn og herstöðvarnar, áður en styrjöld væri hafin.

Þetta er aðalatriði þessarar þingsályktunartillögu. Skyldan til að forða þjóð vorri frá fjörtjóni hlýtur þar að vera sterkari en allt annað. Því er lagt til að krefjast þess, að bandaríski herinn fari tafarlaust. Áður hefur Alþingi samþykkt uppsögn „hervarnarsáttmálans“ frá 1951, en hinn langi uppsagnarfrestur, sem þar er ákveðinn, mundi gera ómögulegt að bjarga þjóð vorri frá því að dragast inn í styrjöld, sem nú skylli á.

Sú styrjaldarhætta, sem nú vofir yfir, er til komin fyrir árársaðgerðir Banda-ríkjastjórnar, er hún hefur lýst sig munu framkvæma gagnvart skipum á hafi úti.

Íslendingar verða fyrst og fremst að móta aðgerðir sínar út frá því sjónarmiði að bjarga þjóðinni úr voða.

En jafnframt ber að leggja áherzlu á það, að vegna einhliða aðgerða Banda-ríkjastjórnar á Karibahafi er Ísland, ef til styrjaldar kæmi út af þeim aðgerðum, laust við skuldbindingar samkvæmt Atlantshafssáttmálanum frá 1949 og „her-varnarsamningnum“ frá 1951.

Haldi það hættuástand áfram, sem Bandaríkin nú hafa skapað, er framkvæmd þeirra ráðstafana, sem í þáttill. felast, óhjákvæmileg. Fari hins vegar svo, sem allir hljóta að vona, að afstýrt verði stríði og þessi þáttill. hafi eigi áður komið til framkvæmda, þá er ljóst orðið af því ástandi, sem nú skapaðist fyrir aðgerðir Bandaríkjastjórnar, að Ísland getur ekki þolað það að eiga líf þjóðarinnar undir aðgerðum slíkra manna sem þeirra, er nú hafa stofnað heimsfriðnum í hættu, — og hlýtur þá að fara þá leið, sem áður var samþykkt, 26. marz 1956, að segja upp „hervarnarsamningnum“ frá 1951 og láta flytja herinn úr landi.